

## **Stjórnarfundur nr. 12, þann 29. september 2010 kl. 20:30**

### **Haldinn í K-húsinu**

**Mættir:** Elsie, Herdís, Anthony, Sigurbór, Edda, Hjördís, Falur, Guðmundur, Ásta, Júlíus, Lúðvík og Halli. Harpa, Friðrik, Sigurbjörg og Helga boðuðu forföll.

#### **1. Farið yfir fundargerð síðasta fundar og hún samþykkt**

#### **2. Staða skráningamála og gagnagrunna**

Það er talsverð vinna að ná utan um allar skráningar og stilla af Team Manager, Felix og Viðverulista þjálfara. Breytum fyrirkomulagi skráninga á næsta ári. Þjóðum m.a. forskráningu, auk þess bjóðum við að Anthony verði við 1 klst. á dag nokkrar vikur í lok tímabils og í byrjun tímabils. Keflavík og UMFN senda lista vegna þjálfarastyrks fyrir 2. október. Næstu eða þar næstu viku sendum við lista til Speedo yfir sundmenn nýs tímabils, vegna Speedo korta.

#### **3. Upprifjun frá þjálfarafund(um) mánaðarins**

Búið að senda stjórn fundargerð. Tímatafla í Njarðvík varð að breyta, búið að útfæra. Takmörk fyrir að flytjast á milli hópa og rammi fyrir starfshópa meðal þess sem rætt var, auk Ofurhuga og XLR8 hvatningakerfanna.

#### **4. Foreldrafundir í fyrri vikum**

Foreldrafundir tókust mjög vel, bæði fyrir eldri og yngri sundmenn. Farið yfir áætlanir vetrarins, starfið, búningapöntun og þjálfunarbækur seldar. Beðið um að panta sundtöskur, sem eru uppseldar hjá Speedo, Hjördís ætlar að athuga með að panta fleiri.

#### **5. Búningamál**

Búningar verða pantaðir í vikulok, foreldrum gefið kost á að panta á foreldrafundum og einnig með að senda tölvupóst til Lindu fyrir vikulok. Einnig búningar fyrir þjálfara og stjórnarfólk. Stjórnafólk fær boli og treyjur. Þjálfarar í sundskóla fá sundskýlur og sundboli. Anthony fær tilboð frá Speedo fyrir fatnað handa þjálfurum á bakka, bolirnir verða svo merktir hjá Bros.

#### **6. Áætlanir af ýmsu tagi**

Áætlanir fyrir mót og uppkomur hafa verið kynntar á foreldrafundum og verða settar á netið, Anthony fylgir því eftir með Hörpu. Takmörk fyrir hópa eru tilbúin og verða sett á netið, þ.e.a.s. lágmark fyrir sundmenn til að færast á milli hópa. Eins er búið að útbúa ramma fyrir hvern hóp, m.a. varðandi lengd sundæfinga.

#### **7. Stuðningsnet**

Teddi mun aðstoða við líkamsrækt og lyftingar einu sinni í viku. Eva mun nudda sundmenn. Falur aðstoðar og kennir æfingar í tengslum við sjúkrapjálfun og til að fyrirbyggja meiðsl. Klemenz heldur utan um matardagbækur. Þetta verður skýrt nánar fyrir foreldrum á IM25 fundi.

#### **8. Almenn um forföll þjálfara**

Sem fyrr, þá leysa þjálfarar hverjir aðra af. Þjálfarar eiga þess kost að fá sig leysta af fyrir einstaka æfingar, að höfðu samráði við Anthony. Anthony mun ræða fyrirkomulag vegna forfalla nánar við þjálfara.

#### **9. IM25**

Ákveðið að IM25 fundur með foreldrum og sundmönnum verði 13. október.

#### **10. Önnur mál**

- a) Fjáraflanir, hugmynd frá Halla fyrir AMÍ á næsta ári.
- b) Rætt um að undirbúa sjósundið betur og einnig að við þurfum að aðstoða Björgunarsveitina betur við frágang. Ákveðið að senda Björgunarsveitinni og IGS þakkarskjal.

- c) Falur talar við Sparisjóðinn varðandi sundhettur.
- d) Fréttir af SSÍ formannafundi. Landsliðsmál til ÓL2012. Afmælishald.
- e) Kveðjur frá Sillu mömmu Sindra með þökkum.
- f) Þörf fyrir tilkynningatöflu í Vatnaveröld.
- g) Anthony er að undirbúa Fréttabréf.
- h) Viðbúíð er að stungugjöld verði hærri þetta tímabilið vegna fleiri móta yngri sundmanna.
- i) Hvatagreiðslur, Herdís og Hjördís útbúa skilaboð til foreldra til að skýra fyrirkomulag.
- j) Myndir á heimasíðum. Það er talsverð vinna að ganga frá þeim, sem skýrir af hverju þær eru ekki á báðum síðum. Mjög gott ef Harpa getur sett inn allar myndir á báðar síður. Einnig að athuga með forrit sem gerir mögulegt að hafa myndir miðlægar, „Flicker“.
- k) Sundráð borgar fyrir froskalappir yngri sundmanna þetta árið, en næstu ár verður þetta gjald sett inn í skráningargjald.

Fundarritari,  
Guðmundur.